

6. gr.

120  
21. júlí

A skipulagsskrá þessa skal leita konunglegrar staðfestingar.

Ólafsvík, 7. júlí 1908.

*Helgi Arnason.*

*María Torfadóttir.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Magnúsar úrsmiðs Jónssonar til eflingar iðnaði, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 21. september 1910. **121**

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir gjafasjóð Magnúsar úrsmiðs Jónssonar til eflingar iðnaði.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er stofnaður af dánargjöf Magnúsar úrsmiðs Jónssonar, með arfleðsluskrá, dags. 23. júní 1905, skal heita:

» Gjafasjóður Magnúsar Jónssonar til eflingar iðnaði«.

2. gr.

Dánargjöfin, að upphæð 2000 krónur, var á skiftafundi þann 23. marz 1907 afhent Iðnaðarmannafélagi Akureyrar í peningum og skuldabréfi með fasteignartryggingu.

3. gr.

Iðnaðarmannafélag Akureyrar skal ávalt hafa stjórn sjóðsins á hendi. Fjárframlög af sjóðnum, samkvæmt 5. grein, verður að samþykkja á tveim lögmetum fundum í Iðnaðarmannafélagi Akureyrar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Við höfuðstólinn skal árlega leggja

**121**  $\frac{1}{4}$  hluta vaxtanna. Gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlötnast, leggist og við  
21. sept. höfuðstólinn

5. gr.

$\frac{3}{4}$  af vöxtum sjóðsins má verja til eflingar iðnaði í Akureyrarbæ og Eyjafjarðarsýslu, aðallega á þann hátt, að styrkja efnilega iðnnema og iðnaðarmenn til frekara náms en kostur er á í Akureyrarbæ.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í innlendum bankavaxtabréfum eða á annan hátt, jafntryggilega og lög mæla fyrir um ómyndugra fé.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal birta reikning hans árlega í almennu bladi.

8. gr.

Falli Iðnaðarmannafélag Akureyrar niður, veitir bæjarstjórn Akureyrar-kaupstaðar sjóðnum forstöðu.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á fundi Iðnaðarmannafélags Akureyrar 25. júlí 1910.

*Frb. Steinsson. Oddur Björnsson. Sigtryggur Jónsson.*

**122**  
7. okt.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Sjúkrahússjóð Reykjavíkurbæjar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 7. oktbr. 1910.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Sjúkrahússjóð Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er ánafnaður Reykjavíkurbæ af Sjúkrahúsfélagi Reykjavíkur, skal geymast í vörzlum borgarstjóra Reykjavíkur og standa undir umsjón